

78. fundur Atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar haldinn á Ráðhúsloftinu 7.12.2011 kl. 20:00. Mættir eru: Egill Egilsson, Þorsteinn Sigurðsson, Magnús Bæringsson, Ólafur Guðmundsson og Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Mál á dagskrá:

- 1. Veitingahúsaeigendur**
- 2. Skeljabætur**
- 3. Tillaga um atvinnumál**
- 4. Önnur mál**

1. Á fundinn komu veitingahúsaeigendur og rætt var um opnunartíma veitingastaða á ársgrunni. Margar góðar hugmyndir voru ræddar og rætt um lausnir. Rætt var um möguleika á hráefniskaupum á heimasvæði.

Atvinnumálanefnd leggur til að athugað verði hvort Fiskmarkaður Íslands hefði áhuga á að opna fiskbúðir. Veitingamenn viku af fundi kl. 21:30. Atvinnumálanefnd leggur áherslu á að leitað verði leiða til að halda veitingastöðum opnum yfir vetrartímam.

2. Rætt var um skeljabætur og byggðakvóta. Atvinnumálanefnd tekur undir áskorun bæjarstjórnar til sjávarútvegs – og landbúnaðarráðherra sem fram var lögð á fundi bæjarstjórnar 27. október sl. og bendir jafnframt á að á sínum tíma skiluðu útgerðaraðilar inn bolfiskskvóta til að fá kvóta í hörpuskel.

3. Tillaga Írisar H. Sigurbjörnsdóttur á fundi bæjarstjórnar 27. október sl. var lögð fram, en hún lagði til að atvinnumálanefnd Stykkishólmsbæjar væri falið að láta vinna samantekt um þróun stöðugilda í Stykkishólmi á sl. 10 árum. Atvinnumálanefnd leggur til að bæjarstjóri leiti til SSV hvernig best væri að standa að þessari samantekt um þróun stöðugilda sl. 10 ár.

4. Rætt var um starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) í Stykkishólmi og starf vinnuhóps sem hefur verið að vinna að málefnum HVE og mögulegum flutningi dvalar og hjúkrunarheimilisins í Stykkishólmi í húsnaði Austurgötu 7.

4. Atvinnumálanefnd fagnar stofnun vinnuhóps vegna gönguleiða, stíga og leikvalla í Stykkishólmi. Telur nefndin að þar séu ákveðin tækifæri til að efla og í það minnsta styrkja ferðamennsku í Stykkishólmi og þá lítum við sérstaklega til gönguleiða. Ferðamenn leita í auknum mæli eftir gönguleiðum og teljum að bygging þeirra og merking geti leitt til meiri möguleika og fjölbreytni fyrir ferðamenn. Auk þess gæti það stuðlað að auknum gistitíma þeirra hér. Bendum á ályktun atvinnumálanefndar um menningartengda ferðaþjónustu þar sem m.a. var komið inn á merkingu gönguleiða.

Fundi slitið kl. 23:00

Egill Egilsson (sign),
Þorsteinn Sigurðsson (sign)
Magnús Bæringsson (sign).

Ólafur Guðmundsson (sign)
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri (sign)